

Samningur um sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, kt. 580417-0780 og mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í þessum samningi nefnd ráðuneytin og Fjórðungssamband Vestfirðinga, kt. 700573-0799, í samningi þessum nefnd landshlutasamtök, gera með sér eftirfarandi samning, á grundvelli laga nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og heimildar skv. 40. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál um afmörkuð verkefni byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshluta.

1. KAFLI SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA

1.1 Markmið

Markmið laga nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnarsýslustiga, jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar.

Markmið sóknaráætlana landshluta er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggja á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðapróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Til að vinna að markmiðum samningsins munu landshlutasamtökin:

- Móta sóknaráætlun Vestfjarða sem nær yfir árin 2020-2024.
- Annast umsýslu uppbyggingarsjóðs Vestfjarða sem styður við markmið sóknaráætlunar.
- Skilgreina áhersluverkefni sem endurspeglar markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar.

1.2 Sóknaráætlun landshluta

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Landshlutasamtök sveitarfélaga vinna sóknaráætlun á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd hennar. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál styður landshlutasamtökin við gerð sóknaráætlana.

Forgangsroðun verkefna byggir á sóknaráætlun landshlutans. Áætlunin er gerð til 5 ára og skal endurskoðuð með tilliti til stöðu landshlutans og framvindu áætlunarinnar að minnsta kosti einu sinni áður en samningstímabilið er hálfnað.

Þar sem atvinnu- og þjónustusóknarsvæði ná yfir tvo eða fleiri landshluta skulu viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga samhæfa sóknaráætlanir sínar.

Landshlutinn setur sér leiðarljós sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun, þingsályktun um menningarstefnu og annarri stefnumótun ríkisins eftir því sem við á.

1.3 Samráð

Sóknaráætlanir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang landshlutans. Landshlutasamtökin skipa samráðsvettvanginn þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega.

Í því skyni að vekja athygli á sóknaráætlun landshlutans setja landshlutasamtökin sér samskiptaáætlun, sem endurskoðuð er árlega. Þar kemur meðal annars fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum.

2. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐUR

2.1 Hlutverk

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna.

2.2 Umsýsla

Landshlutasamtökin annast umsýslu sjóðsins. Auglýsa skal opinberlega, minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki.

Landshlutasamtökin setja sér verklagsreglur vegna úthlutana úr sjóðnum. Í reglunum skal meðal annars koma fram hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir frá umsækjendum, hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvaða viðmið gilda við mat verkefna. Jafnframt skal koma fram fyrirkomulag við útborgun styrkja og uppgjör verkefna.

2.3 Úthlutunarnefnd

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðsins. Hlutverk úthlutunarnefndar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats. Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Starfsmenn landshlutasamtaka eða skyldra aðila geta ekki setið í úthlutunarnefnd.

Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Ef viðkomandi er vanhæfur, ber honum að víkja af fundi og skráist það í fundargerð. Ekki nægir að viðkomandi sitji hjá við atkvæðagreiðslu um mál sem hann er vanhæfur í. Við mat á vanhæfi

skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnáætlunarlaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2.4 Þátttaka tengdra aðila

Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af uppbyggingarsjóði landshlutans.

3. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI

3.1 Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefnin skulu hafa skýr markmið og árangursmælikvarða. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna.

3.2 Staðfesting stýrihóps

Verkefnin þurfa að hljóta staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

4. KAFLI RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA, ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR OG EFTIRLIT

4.1 Fjármögnun

Míðað við forsendur fjárlaga ársins 2020 greiðir ríkið grunnframlag vegna samnings þessa að upphæð kr. 97.848.443 árið 2020.

Fjárveiting samkvæmt samningi þessum tekur mið af fjármálaáætlun ríkisins til fimm ára. Með fylgiriti fjárlaga hvers ár er áætlun um fjárframlag til samninga tilgreint.

4.2 Skipting fjárveitinga

Grunnframlög til sóknaráætlana landshluta koma frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, af fjárlagalið 10-701 1.15 og mennta- og menningarmálaráðuneyti, af fjárlagalið 02-982 1.45.

Framlag ríkisins skiptast á milli landshluta samkvæmt viðmiðunarreglum sem stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál gerir tillögu að og leggur fyrir ráðherra.

4.3 Fjárhæðir

Grunnframlag ríkisins árið 2020 til sóknaráætlunar Vestfjarða er kr. 97.848.443.

Önnur framlög – sjá nánar í viðauka I:

Sveitarfélög á Vestfjörðum.....9.900.000

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um annars vegar ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og hins vegar ákvarðanir stjórnvalda um aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og hjá ríkisaðilum sem annast sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Fyrirvari er einnig gerður um fjárframlag sveitarfélaganna, enda taka landshlutasamtök þeirra ákvörðun um breytingu á framlögum þeirra við gerð fjárhagsáætlunar.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum. Heimilt er að semja um framlög annarra aðila að samningunum.

HG

33

3
WA

Vaxtatekjur fjármuna samnings þessa skulu tilheyra honum og færðar í ársreikning hans.

4.4 Greiðslutilhögun

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið annast afgreiðslu framlaga til landshlutasamtaka.

Greiðslur fara fram eftir greiðslubeiðnum frá landshlutasamtökunum og byggja á framlögðum gögnum um framvindu verkefna.

4.5 Kostnaður vegna framkvæmdar samningsins

Landshlutasamtökunum er heimilt að nýta allt að kr. 12.000.000 á ári í umsýslu með samningi þessum. Gera skal grein fyrir umsýslukostnaði í árlegri greinargerð, samanber 2. mgr. 4.7 gr. samnings þessa. Kostnaður vegna umsýslu er hluti af framlagi til þessa samnings sbr. 4.3 gr.

4.6 Ábyrgð aðila

Hlutverk landshlutasamtakanna er að annast framkvæmd samnings þessa.

Landshlutasamtökin bera ábyrgð á skuldbindingum sem þau stofna til í tengslum við samning þennan.

Landshlutasamtökunum er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila, nema með samþykki stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og að setja fjármuni sem þeim eru veittir samkvæmt samningi þessum til tryggingar fjárskuldbindingu, skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

Ráðuneytin fela stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál eftirlit og umsýslu með samningi þessum. Sjá viðauka II.

4.7 Upplýsingar, samskipti og eftirlit

Fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtakanna skulu funda árlega um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar landshlutans.

Landshlutasamtökin skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins til stýrihópsins sem byggja á sniðmáti sem samningsaðilar koma sér saman um. Þar koma meðal annars fram upplýsingar um framvindu sóknaráætlunar og ráðstöfun fjármuna árið á undan. Þar skulu jafnframt koma fram kyngreindar upplýsingar um umsækjendur og styrkþega, upplýsingar um mótframlög, sundurliðun umsýslukostnaðar og fleira.

Landshlutasamtökin bera jafnframt ábyrgð á að standa skil á öðrum upplýsingum sem ráðuneytin, eða aðrir í umboði þeirra, kunna að kalla eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar, sem og eftirlits og umsýslu með framkvæmd þessa samnings.

Tekjum og gjöldum sem tengjast samningi þessum skal haldið aðskildu í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi landshlutasamtakanna.

Samning þennan, ársreikning landshlutasamtakanna, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef landshlutasamtakanna jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Stýrihópnum er heimilt að birta gögnin á vefsíðum Stjórnarráðsins eða undirstofnana.

Landshlutasamtökin skulu setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem upplýsingar um framvindu verkefna, skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.fl. sem tengist verkefnum sem falla undir samning þennan skal koma fram með tryggilegum hætti að þau séu hluti af sóknaráætlun landshlutans og á ábyrgð landshlutasamtakanna. Nota skal merki sóknaráætlunar landshlutans þar sem því verður við komið.

5. KAFLI VANEFNDIR, MEÐFERÐ ÁGREININGS OG ENDURSKOÐUN

5.1 Vanefndir, meðferð ágreinings og endurskoðun

Uppfylli landshlutasamtökin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er ráðuneytunum heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og/eða endurkrefja um greiðslur sem þegar hafa runnið til landshlutasamtakanna enda hafi ekki tekist að jafna ágreining á milli samningsaðila.

Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa á samningstímabilinu ef sérstakt tilefni gefst.

6. KAFLI GILDISTÍMI OG LOK SAMNINGS

6.1 Gildistími og lok samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024.

Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, annað í vörslu mennta- og menningarmálaráðuneytis, þriðja í vörslu landshlutasamtakanna og það fjórða í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis.


th


33

hmt

Reykjavík, 12. nóvember 2019


Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra


Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra


Hafdis Gunnarsdóttir
formaður stjórnar Fjórðungssambands
Vestfirðinga


staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis

Viðaukar:

- Viðauki I Önnur framlög, með vísan í 4.3 gr. í samningi þessum.
Viðauki II Ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðandi eftirlit og umsýslu.

Viðauki I
við samning um sóknaráætlun landshluta 2020-2024

Önnur framlög, með vísan í 4.3 gr. samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Framlög til sóknaráætlana landshluta skiptast í grunnframlög og önnur framlög. Til annarra framlaga í sóknaráætlun Vestfjarða teljast eftirfarandi:

Sveitarfélög á Vestfjörðum..... 9.900.000

Um er að ræða sameiginlegt framlag sem sveitarfélögin á Vesturlandi leggja að lágmarki til þessa samnings.

hl

hl

hl

Viðauki II

við samning um sóknaráætlun landshluta 2020-2024

Ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðandi framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlanir landshluta 2020-2024

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ráðherra byggðamála fer með formennsku í stýrihópnum. Hlutverk stýrihópsins, samkvæmt 2. gr. laga nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðaáætlunar og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

Stýrihópurinn vinnur út frá þeirri skilgreiningu að byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu, sem og lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta, eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti og ná til alls landsins.

Ráðuneytin fela stýrihópnum umsjón og eftirlit með samningum um sóknaráætlanir landshluta.

Umsjónar- og eftirlitshlutverk stýrihópsins felst í eftirtöldu:

- a) Styðja landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð og framkvæmd sóknaráætlana.
- b) Vinna drög að viðmiðunarreglum vegna útteilingar fjármuna milli landshluta.
- c) Staðfesta sóknaráætlanir landshluta og áhersluverkefni.
- d) Funda árlega með landshlutasamtökum um framkvæmd samningsins.
- e) Yfirfara árlegar greinargerðir frá landshlutasamtökum um framvindu áhersluverkefna, úthlutanir uppbyggingarsjóða, skiptingu fjármuna milli málaflokka og fleira.
- f) Skila árlega greinargerð til ráðuneytanna um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna.
- g) Meta, með hliðsjón af upplýsingum frá landshlutasamtökum, hvort staðið hafi verið við skilyrði samningsins um framkvæmd sóknaráætlunar svo lokagreiðsla geti farið fram.
- h) Hafa almennt samráð og samskipti um framkvæmd sóknaráætlunarsamninga og fylgja eftir ákvæðum samninganna um skil og upplýsingagjöf.
- i) Vinna með landshlutasamtökunum að því að sóknaráætlanir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaáætlunar.
- j) Vinna að því að fella fleiri viðfangsefni og samninga að sóknaráætlunum landshluta.